

Skipulags- og samgönguráð, dags. 22. apríl 2020: Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um losun ruslastampa í borgarlandinu (USK2020040043):

Ruslastampar víða um borgina hafa verið yfirfullir vegna aukinnar umferðar gangandi vegfarenda. Óskað er eftir upplýsingum um hvort Reykjavíkurborg ætli að auka losun ruslastampa í borgarlandinu?



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 12. maí 2020

USK2020040043

6.5.9

Til Skipulags- og samgönguráðs

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um losun ruslastampa í borgarlandinu (USK2020040043).

Vísað er til fyrirspurnar fulltrúa Sjálfstæðisflokksins dagsetta 22. apríl 2020 varðandi losun ruslastampa í borgarlandinu. Fyrirspurning er svohljóðandi: *Ruslastampar víða um borgina hafa verið yfirfullir vegna aukinnar umferðar gangandi vegfarenda. Óskað er eftir upplýsingum um hvort Reykjavíkurborg ætli að auka losun ruslastampa í borgarlandinu?*

Starfsfólk í hreinsun á vegum skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins (SRU) hefur mjög tekið eftir því að meira hefur safnast í ruslastampa í borgarlandinu, sérstaklega meðfram vinsælum gönguleiðum, nú í vor. Ástæðu má rekja til vaxandi áhuga borgarbúa á gönguferðum og annarrar útivistar vegna Covid-19 faraldursins sem nú gengur yfir.

SRU hefur brugðist við þessu ástandi með því að setja út aukafólk og aukabíla til losunar ruslastampa, sérstaklega eftir 4.maí þegar reglur voru rýmkaðar. Í ljósi 2 m reglunnar svonefndu var erfitt að manna ákveðin verkefni í ströngu samkomubanni og því gengu þau hægar fyrir sig og átti það við um losun ruslastampa í borgarlandinu.

Losun ruslastampa í borgarlandinu ætti því að vera í góðu horfi um þessar mundir. Vert er að hvetja borgarbúa til að nota ábendingavef borgarinnar ef borgarbúum finnst skorta á þjónustu við borgarlandið. Ábendingavefurinn er vaktaður daglega og brugðist skjótt við öllum ábendingum sem berast þar á meðal varðandi fulla ruslastampa.

Beðist er velvirðingar á töfum við afgreiðslu fyrirspurnarinnar.

Virðingarfyllst,

Hjalti J. Guðmundsson, skrifstofustjóri
reksturs og umhirðu borgarlandsins